

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 32/2017

2018/EES/78/32

frá 3. febrúar 2017

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1433 frá 26. ágúst 2016 um viðurkenningu á „Biomass Biofuels Sustainability voluntary scheme“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 6au (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1362) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„6av. **32016 D 1433**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1433 frá 26. ágúst 2016 um viðurkenningu á „Biomass Biofuels Sustainability voluntary scheme“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjtúð. ESB L 232, 27.8.2016, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2016/1433, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtúð. ESB L 232, 27.8.2016, bls. 13.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.